

**Verkefnauppgjör Vatnamælinga gagnvart
Landsvirkjun árið 1995**

**Kristinn Einarsson,
Árni Snorrason,
Helgi Gunnarsson**

Greinargerð KE-ÁSn-HG-96-04

VERKEFNAUPPGJÖR VATNAMÆLINGA GAGNVART LANDSVIRKJUN ÁRIÐ 1995

INNGANGUR

Greinargerð þessi tengist beint fyrri greinargerð KE/ÁSn/HG-96/03, sem inniheldur verkefnauppgjör Vatnamælinga fyrir árið 1995. Tilgangurinn með henni er að gera nánari grein fyrir stöðu vatnamælingaverka fyrir Landsvirkjun.

1. SKIPTING VINNUTÍMA OG KOSTNAÐAR HJÁ LANDSVIRKJUN 1995

Grunntölur samstarfssamnings OS og LV frá 1988-09-26 í fylgiskjali frá í nóvember 1988 gera ráð fyrir 880 útivinnustundum (á 3.919.177 kr.) og 1870 innivinnustundum (á 3.985.176 kr.), alls 2750 stundum á kr. **7.904.353**. Grunntölur í fylgiskjali frá í febrúar 1992 gerðu ráð fyrir óbreyttum fjölda útivinnustunda, en innivinnustundum fjölgaði um 296 í 2.166, sem skýrðist af aukinni áherslu á að vinna úr gögnum frá rafstöðvum. Þessar grunntölur voru óbreyttar í fylgiskjali frá í maí 1993. Alls urðu þá vinnustundir 3.046 og grunnupphæð samningsins kr. **8.535.161**.

Nýtt fylgiskjal II var rætt á fundi Vatnamælinganefndar 29. september 1994. Þar var gert ráð fyrir 1435 útivinnustundum (á 6.390.930 kr.) og 2305 innivinnustundum (á 4.912.209 kr.). Auk þess var gert ráð fyrir tímabundnu vinnuframlagi, sem næmi helmingi af 452 innivinnustundum, vegna vinnslu og endurskoðunar fortíðargagna (á 481.631 kr.), alls 3966 vinnustundir með grunnupphæð kr. **11.784.770**.

Skv. þessum drögum að verkefnaáætlun fyrir árið 1995 var vinnuframlag á Þjórsársvæði 264 klst. í útivinnu, á kr. **1.175.753**, vinnuframlag vegna straumsjármælinga 516 klst. (þar af 156 klst. reiknaðar skv. innivinnutaxta og 360 klst. skv. útivinnutaxta), á kr. **1.935.753** og helmingur vinnuframlags vegna ákomumælinga og uppsetningar regnmæla á Austurlandi 498/2 klst. (þar af 448/2 klst. í útivinnu og 50/2 klst. í innivinnu), á kr. **1.050.886**. Samtals kr. **4.162.392**.

Í allt hljóðaði upphafleg áætlun ársins 1995 upp á 4991 klst. vinnuframlag á kr. **15.947.162**. Allar upphæðir eru hér reiknaðar skv. einingarverði ársins 1995 í samræmi við uppgjör þess árs.

Á 46. fundi Samstarfsnefndar um vatnamælingar 13. desember 1994 kom fram, að framangreind verkefnaáætlun hefði verið skorin niður hjá Landsvirkjun við endanlegan frágang áætlunar fyrir árið 1995, á verðlagi þess tíma úr 15.345 Kkr. í 12.000 Kkr. Einstakir liðir: 1) Grunnkerfi úr 10.079 Kkr. í 9.800 Kkr. (vegna Skarðsár/Arnardalsár), 2) Úrvinnsla rafstöðva úr 823 Kkr. í núll (þó mætti vinna við hana innan ramma grunnkerfisins, ef ekki væri annað fært), 3) Þjórsársvæði úr 1.082 Kkr. í 1.000 Kkr., 4) Straumsjármælingar úr 1.760 Kkr. í 600 Kkr. og 5) Flóðamælingar og veðurathuganir/jöklamælingar úr 1.501 Kkr. í 600 Kkr.

Unnar voru á árinu 1995 samtals **5090** klst. á kr. **14.434.916** fyrir Landsvirkjun. Þessi vinna og kostnaður við hana skiptist þannig á milli svæða, sjá töflu 1:

TAFLA 1. Yfirlit um vinnu fyrir Landsvirkjun 1995 *

Svæði	Útvinna			Innivinna			Alls Unnið kr.
	Áætl. klst.	Unnið klst.	Unnið kr.	Áætl. klst.	Unnið klst.	Unnið kr.	
Blanda	106	159.5	710,309	117	258.3	550,490	1,260,799
Laxá/Mývatn	152	160.0	712,593	280	79.3	168,909	881,502
Jökulsá á Dal	106	156.2	695,829	117	84.7	180,425	876,255
Fljótisdalur	601	487.5	2,171,035	663	721.9	1,538,492	3,709,526
Hraunin	212	319.2	1,421,533	234	446.7	952,032	2,373,565
Þjórsá-Tungnaá	158	242.8	1,081,224	560	967.5	2,060,689	3,141,912
Sogið	152	19.5	86,790	249	987.5	2,104,452	2,191,242
Alls	1487	1544.7	6,879,313	2220	3545.3	7,555,488	14,434,801

Fyrirframgreiðslur Landsvirkjunar á árinu 1995 vegna vinnu á árinu námu kr. **12.691.084** (sjá töflu 4 í greinargerð KE/ÁSn/HG-96/03), en til uppgjors koma kr. **1.743.832**.

Framangreindar upphæðir eru allar án VSK.

* Summa í töflu 1 er aðeins of lág og vîkur 115 kr. frá réttu lokauppgjóri vegna mismunandi nákvæmni í aukastöfum við útreikning, en þar sem mismunurinn er óverulegur er ekki hirt um að leiðrétta hann hér.